

Samfélagsfræði - Drangamix 4. – 6. bekkur

Kennari: Sif Hauksdóttir og Salóme Svandís Þórhildardóttir

Almennt um kennsluna

Nemendur 4. - 6. bekkjar fá 6 kennslustundir á viku í Drangamixi þar sem samfélagsfræði, náttúrufræði, íslenska og upplýsingarmennt eru samþættar. Verkefni eru skipulögð í þemum og eru verkefni misstór og unnin eftir ólíkum leiðum. Á haustönn vinnum við með: Landnámið, Líf á landi, hátíðir og trúarbrögð, Eftir áramót eru: Norðurlöndin, Samfélagið og Hugur og heilsa.

Hæfniviðmið –

Íslenska:

- aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.
- Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.
- Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning í texta.

Samfélagsfræði

- Rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi
- Aflað sér upplýsinga um samfélagsleg málefni úr textum, hljóð- og myndefni, umorðað og nýtt til umfjöllunar

Upplýsingatækni:

- Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum,
- Nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélar við markvissa öflun upplýsinga við hæfi,

Náttúrufræði:

- Lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður.

- Lýst mismunandi vistkerfum og nefnt dæmi um áhrif sem nýjar tegundir geta haft á umhverfi sitt.
- Sagt frá einkennum helstu hópa dýra – (5. bekkur, Edit)
- Lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi - (5. bekkur, Edit)

Lykilhæfni

- Unnið eftir fyrimælum og borið ábyrgð á eigin námi

Landnám Íslands

Tilgangur: Fræðast um landnám Íslands. Fjallað um einkenni og þróun íslensks samfélags og greint persónur, atburði, tímabil, tildrög og gang sögunnar.

Líf á landi

Tilgangur: meðal annars að fá nemendur til að þekkja ólíkar lífverur, en einnig að skynja fjölbreytileika lífríkisins og átta sig á hvernig lífverurnar lifa við þær aðstæður sem þær hafa aðlagast.

Hátíðir og trúarbrögð

Tilgangur: Læra um ólík trúarbrögð og fræðast um trúarhátíðir

Skipulag kennslunnar

Unnið er í þemu að fjölbreyttum verkefnum við að fara yfir námsþáttinn. Verkefnin geta verið allt frá fáeinum tímum upp í nokkrar vikur, eru allskonar og unnin eftir ólíkum leiðum.

Námsaðlögun:

Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávik er að ræða er kappkostað við að leggja

nemendum til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingatækni í meira mæli og val á námsefni / námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

Kennsluskipulag: *með fyrirvara um breytingar*

Námsmat

Námsmat myndar eina heild. Leitast er við að hafa matið fjölbreytt og að það endurspegli sem best færni nemenda á ólíkum sviðum. Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti nemenda sem aðgengilegt er nemendum og foreldrum í mentor.

Lögð verður áherslu á leiðsagnarmat sem byggist á því að nemendur velti reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum, til að nálgast eigin markmið og ákveða hvert skal stefna.